# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur 2002

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
Vegmúla 2
108 Reykjavík

kt. 430269-6589

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

## Ársreikningur 2002

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda. | 2 |
| Skýrsla stjórnar. | 3 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-11 |
| Lykiltölur | 12 |

# Áritun endurskoðenda

Stjórn og sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Í umboði borgarendurskoðanda höfum við endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðsstreymi, skýringar og lykiltölur. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningu, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athuganir á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægilega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag lífeyrissjóðsins 31. desember 2002, breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, / 2003

**Endurskoðendaþjónustan ehf.**

Jón Tryggvi Kristjánsson
endurskoðandi

# Skýrsla um starfsemi
# Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 2002

***Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttekinna iðgjalda***

Á árinu 2002 greiddu að meðaltali 1.904 virkir sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins samanborið við 2.155 árið 2001. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi inni hjá sjóðnum eru 13.449 talsins. Innheimt heildariðgjöld ásamt endurgreiðslum og réttindaflutningi námu 946,3 m. kr., sem er 6,42% hækkun frá fyrra ári. Til viðbótar voru gerð upp áfallin lífeyrisréttindi að fjárhæð 381,8 m. kr. frá fyrrum stofnunum borgarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um við stofnanirnar sjálfar.

***Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur***

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2002 námu alls 1.145,0 m. kr., sem er 13,9% hækkun frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega á árinu 2002 var að meðaltali 1.860 samanborið við 1.645 árið 2001.

***Lánveitingar og verðbréfaviðskipti***

Ný skuldabréfalán voru veitt til 110 sjóðfélaga að fjárhæð 224,8 m. kr. Aðrar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum námu 305,8 m.kr. og skiptast þannig að 295,5 m. kr fóru til fjárfestinga í verðbréfum með breytilegum tekjum og 10,3 m. kr. í öðrum verðbréfum með föstum tekjum.

***Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun***

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 3.549,9 m. kr. í árslok 2002, en hækkun hreinnar eignar frá fyrra ári nemur rúmum 357,8 m. kr. sem er 11,21% aukning á milli ára.

Raunávöxtun eigna sjóðsins á árinu 2002 er 4,26% en að frádregnum rekstrarkostnaði o.fl. nemur ávöxtunin 3,28%.

***Tryggingafræðileg athugun***

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2002 nam áfallin skuldbinding lífeyrissjóðsins 31.292,1 m. kr. Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi sjóðsins er að finna frekari upplýsingar um hina tryggingafræðilegu stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. apríl 2003

**Í stjórn sjóðsins**

**Framkvæmdastjóri**

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Framlag sjóðfélaga | | 143.015.318 | 147.297.258 |
| Framlag launagreiðenda | | 400.963.093 | 294.821.962 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (1.032.149) | (2.275.420) |
| Viðbótariðgjöld borgarsjóðs og stofnana | | 403.309.619 | 449.286.849 |
| Uppgjör áfallinna lífeyrisréttinda | | 381.786.336 | 0 |
| | | 1.328.042.218 | 889.130.650 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 1.144.975.825 | 1.005.330.816 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 698.000 | 0 |
| | | 1.145.673.825 | 1.005.330.816 |
| **Fjárfestingatekjur og (fjárfestingagjöld)** | | | |
| Fjárfestingatekjur af hlutabréfum | 4 | (5.951.833) | (15.888.250) |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur | 5 | 233.902.354 | 348.736.741 |
| Breytingar á niðurfærslu | | (8.364.529) | (1.158.480) |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | 2 | 0 | (255.968.179) |
| | | 219.585.992 | 75.721.832 |
| Vaxtagjöld | 6 | (12.103.760) | 0 |
| | | 207.482.232 | 75.721.832 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofukostnaður | 6 | 32.075.921 | 30.040.248 |
| | | 32.075.921 | 30.040.248 |
| **(Lækkun) hækkun á hreinni eign án matsbreytinga** | | 357.774.703 | (70.518.583) |
| **Matsbreytingar** | | | |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | 2 | 0 | 255.968.179 |
| | | 0 | 255.968.179 |
| **Hækkun á hreinni eign á tímabilinu** | | 357.774.703 | 185.449.596 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 3.192.140.835 | 3.006.691.239 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 3.549.915.538 | 3.192.140.835 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2002

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2002 | 31.12.2001 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| **Verðbréf** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 7-10 | 277.582.690 | 333.043.537 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 11 | 574.210.627 | 665.622.420 |
| Veðlán | 12,13 | 2.149.380.390 | 2.102.482.274 |
| | | 3.001.173.707 | 3.101.148.231 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Óinnheimt iðgjöld og viðbótarframlög | 15 | 449.749.296 | 80.486.871 |
| Viðskiptakröfur | | 7.804.266 | 7.789.266 |
| Bankainnstæður | | 133.369.231 | 88.553.648 |
| | | 590.922.792 | 176.829.784 |
| **Eignir** | | 3.592.096.499 | 3.277.978.015 |

## Skuldir

| | | 31.12.2002 | 31.12.2001 |
|---|---|---|---|
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 42.180.961 | 85.837.180 |
| | | 42.180.961 | 85.837.180 |
| **Skuldir** | | 42.180.961 | 85.837.180 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 3.549.915.538 | 3.192.140.835 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 2002

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 958.779.793 | 907.932.087 |
| Vaxtatekjur | | 175.404.325 | 196.665.626 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 345.607.463 | 408.441.800 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 33.004.347 | 25.328.225 |
| Aðrar inngreiðslur | | (15.000) | 10.828.175 |
| Afborganir útlána | | 284.039.563 | 246.936.500 |
| | | 1.796.820.491 | 1.796.132.413 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 1.145.673.825 | 1.005.330.816 |
| Rekstrarkostnaður | 6 | 32.075.921 | 30.014.155 |
| Aðrar útgreiðslur | | 43.656.219 | 0 |
| | | 1.221.405.965 | 1.035.344.971 |
| **Ráðstöfunarfé til fjárfestingar í verðbréfum** | | 575.414.525 | 760.787.442 |
| Keypt verðbréf með breytilegum tekjum | | 295.473.102 | 356.226.802 |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum | | 10.310.840 | 47.089.800 |
| Ný veðlán og útlán | | 224.815.000 | 373.401.000 |
| | | 530.598.942 | 776.717.602 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 44.815.583 | (15.930.160) |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 88.553.648 | 104.483.808 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 133.369.231 | 88.553.648 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings 2001 að öðru leyti en því að sjóðurinn hefur lagt af verðleiðréttingar í reikningsskilum sínum.

   Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán, önnur útlán og aðrar fjárfestingar. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

   Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

   Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

   Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt voru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra. Önnur veðlán eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

   Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

   Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Lífeyrir

3. Fjöldi lífeyrisþega á árinu 2002 voru 1.860 talsins. Skipting lífeyris á árinu er með eftirfarandi hætti:

| | **2002** | **2001** |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 773.913.915 | 678.658.546 |
| Örorkulífeyrir | 73.595.788 | 56.384.000 |
| Makalífeyrir | 292.502.000 | 267.063.209 |
| Barnalífeyrir | 4.964.122 | 3.225.061 |
| *Samtals* | 1.144.975.825 | 1.005.330.816 |

# Skýringar

## Fjárfestingartekjur

4. Fjárfestingartekjur af hlutabréfum sundurliðast þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Af innlendum hlutabréfum | (102.576) | (15.413.712) |
| Af erlendum hlutabréfum | (5.849.257) | (474.538) |
| | (5.951.833) | (15.888.250) |

5. Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur sundurliðast þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Af veðlánum | 166.962.260 | 239.977.327 |
| Af verðtryggðum innlendum skuldabréfum | 42.785.090 | 91.719.638 |
| Af bankainnstæðum | 2.997.649 | 16.830.626 |
| Af innlendum hlutdeildarskírteinum | 26.272.814 | 1.745.428 |
| Af erlendum hlutdeildarskírteinum | (21.587.544) | (11.102.898) |
| Vextir af iðgjöldum og fleiru | 9.492.200 | |
| Dráttarvextir | 4.731.735 | 5.833.300 |
| Lántökugjöld | 2.248.150 | 3.733.320 |
| | 233.902.354 | 348.736.741 |

## Rekstur sjóðsins

6. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um. Í stjórn sjóðsins eru 5 manns.

Vaxtagjöld upp á 3,3 m. kr. eru reiknuð af viðskiptaskuld við LSS vegna fjármuna sem sjóðurinn hefur lagt LsRb til í tengslum við reksturinn. Vaxtaprósenta er miðuð við gildandi vexti sjóðfélagalána á hverjum tíma. Til viðbótar eru gjaldfærðir vextir á skuld við Borgarsjóð Reykjavíkur að fjárhæð 8,8 m. kr.

### Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Hlutdeild í rekstrarkostnaði LSS | 25.906.414 | 23.905.661 |
| Laun stjórnar og tengd gjöld | 402.499 | 246.200 |
| Aðkeypt vinna | 600.713 | 1.149.097 |
| Endurskoðun og reikningsleg aðstoð | 1.147.431 | 1.745.061 |
| Hugbúnaðargerð og tölvuvinnsla | 1.220.638 | 1.229.566 |
| Árgjöld | 743.177 | 759.531 |
| Dagblöð, skrár og rit um lífeyrismál | 6.300 | 14.021 |
| Pappír, prentun og ritföng | 383.543 | 89.086 |
| Annar kostnaður | 1.285.373 | 902.025 |
| Þóknun til verðbréfafyrirtækja | 118.409 | 0 |
| Önnur vaxtagjöld | 261.424 | 0 |
| | 32.075.921 | 30.040.248 |

## Verðbréf með breytilegar tekjur

7. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Bókfært verð |
|---|---|
| Eignarhlutar í innlendum félögum | 34.758 |
| Eignarhlutar í erlendum félögum | 33.121.586 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 224.389.489 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 20.036.857 |
| | 277.582.690 |

# Skýringar

8. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Óskráð félög: | | | |
| Eignarhaldsfél. lífeyrissjóða um verðbr.þing | Óveruleg | 34.758 | 34.758 |
| Eignarhlutar í innlendum félögum alls | | | 34.758 |

9. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Félög skráð á erlendum mörkuðum, eignarhluti óverulegur nema annað komi fram: | | | |
| SPDR Trust Series 1 | Óveruleg | | 135.082 |
| ALPHA I (Venture Capital) | Óveruleg | | 10.151.757 |
| | | | 10.286.839 |
| Óskráð félög, eignarhluti óverulegur nema annað komi fram: | | | |
| GIR (Hedge Fund), óskráður | Óveruleg | | 12.548.160 |
| Health Holding S.A. (Healthhold), óskráður | Óveruleg | | 10.286.588 |
| | | | 22.834.748 |
| Eignarhlutar í erlendum félögum alls | | | 33.121.586 |
| Hlutabréfaeign alls | | | 33.156.344 |

10. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

| | Bókfært verð |
|---|---|
| Húsbréfadeild | 65.784.146 |
| Skuldabréfadeild | 17.010.756 |
| Íslensk langtímaskuldabréf | 13.086.127 |
| Einingabréf 11 - markaðsskuldabréf | 31.108.259 |
| Einingabréf 2 - innlend ríkisverðbréf | 20.901.665 |
| Einingabréf 8 - langtímaskuldabréf | 76.498.536 |
| | 224.389.489 |

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

| | Bókfært verð |
|---|---|
| ACM Global Growth Trends Fund | 2.022.954 |
| CIF-Global Equity Fund | 1.715.480 |
| Fidelity American Growth Fund | 463.735 |
| Fidelity Industrial Fund | 75.542 |
| Fidelity European Growth Fund | 799.062 |
| Fidelity International Fund | 3.369.930 |
| Inshares S&P Smallcap 600 | 235.576 |
| Inshares DJ US Healthcare SEC | 70.390 |
| LUX-Global Growth Class | 3.904.581 |
| LUX-Global Value Class | 3.984.990 |
| Kaupthing SICAV Asia | 533.089 |
| Kaupthing SICAV Intl Equity | 2.574.380 |
| Kaupthing SICAV New Opportunity | 287.150 |
| | 20.036.857 |
| Hlutdeildarskírteini alls | 244.426.346 |

## Verðbréf með föstum tekjum

11. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| Skuldabréf með ríkisábyrgð | Bókfært verð |
|---|---|
| Skuldabréf Húsnæðisstofnunar | 505.788.064 |
| Húsbréf | 32.082.564 |
| | 537.870.628 |
| Skuldabréf fyrirtækja og önnur skuldabréf | 36.339.999 |
| Verðbréf með föstum tekjum alls | 574.210.627 |

Markaðsverð ofangreindra verðbréfa nemur 573,0 m. kr.

## Veðlán

12. Veðlán sjóðsins sundurliðast þannig:

| | Bókfært verð |
|---|---|
| Veðskuldabréf sjóðfélaga | 1.973.185.576 |
| Önnur veðbréf | 203.719.814 |
| Niðurfærsla veðskuldabréfa | (27.525.000) |
| | 2.149.380.390 |

13. Veðlán sjóðsins eru færð niður í efnahagsreikningi um 27,5 m. kr. til að mæta þekktri eða áætlaðri hættu á töpum. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast.

## Skipting fjárfestinga eftir myntum

14. Skipting fjárfestinga eftir myntum er eftirfarandi:

| | ÍKR | EUR | USD | SEK | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðbréf með brl. tekjum | 247.258.993 | 18.915.932 | 11.407.765 | 10.286.588 | 287.869.278 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 565.206.607 | 9.004.020 | | | 574.210.627 |
| Veðlán | 2.149.380.390 | | | | 2.149.380.390 |
| | 2.961.845.990 | 27.919.952 | 11.407.765 | 10.286.588 | 3.011.460.295 |
| Hlutfallsleg skipting | 98,4% | 0,9% | 0,4% | 0,3% | 100,0% |

15. Óinnheimt iðgjöld og viðbótarframlög í árlok nema 449,7 m. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Þar af nema ógreidd iðgjöld vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga stofnana alls 408,2 og verða greidd á árinu 2003. Mat annarra óinnheimtra iðgjalda byggist að mestu á reynslu undangenginna ára.

## Tryggingafræðileg athugun:

16. Mat á lífeyrisskuldbindingum:

Í apríl árið 2003 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins sem miðaðist við árslok 2002. Helstu niðurstöður athugunarinnar, miðað við að 2% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun launa næstu áratugina voru að heildarskuldbinding sjóðsins væri 38.884,2 m. kr. umfram endurmetna hreina eign hans í árslok 2002. Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins. Niðurstöður hinnar tryggingafræðilegu athugunar voru eftirfarandi í m. kr.:

# Skýringar

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar-skuldbinding | Heildar-skuldbinding |
|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 3.592,1 | 0,0 | 3.592,1 |
| Núvirði verðbréfa | 742,1 | 0,0 | 742,1 |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0,0 | 4.576,9 | 4.576,9 |
| **Eignir samtals** | 4.334,2 | 4.576,9 | 8.911,1 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Ellilífeyrir | 25.030,9 | 9.028,3 | 34.059,2 |
| Örorkulífeyrir | 1.752,1 | 646,0 | 2.398,1 |
| Makalífeyrir | 8.229,7 | 2.255,4 | 10.485,1 |
| Barnalífeyrir | 104,4 | 0,0 | 104,4 |
| Rekstrarkostnaður | 509,2 | 239,3 | 748,5 |
| **Skuldbindingar samtals** | 35.626,3 | 12.169,0 | 47.795,3 |
| **Eignir - skuldbindingar** | (31.292,1) | (7.592,1) | (38.884,2) |
| **Hlutfall** | -87,8% | -62,4% | -81,4% |

# Lykiltölur

## Ýmsar lykiltölur

| | | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun:** | | | | | | |
| Nafnverðsávöxtun | | 6,38% | 10,23% | 3,85% | 9,67% | 6,53% |
| Raunávöxtun eigna að frádregnum kostnaði | | 3,28% | 1,49% | -0,32% | 3,86% | 4,92% |
| Meðaltal hreinnar raunávxt. síðustu fimm ár | | 2,63% | 2,86% | 3,49% | 4,49% | 4,60% |
| **Kostnaðarhlutfall:** | | | | | | |
| Rekstrarkostn., sem hlutfall af hreinni eign | | 0,90% | 0,94% | 0,88% | 0,54% | 0,27% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar:** | | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 9,2% | 10,7% | 14,9% | 8,2% | 0,0% |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | | 8,4% | 10,3% | 14,7% | 8,2% | Ekki til |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | | 0,8% | 0,4% | 0,2% | 0,0% | Ekki til |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 19,1% | 21,5% | 23,6% | 25,7% | 36,4% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | | 19,1% | 21,0% | 23,6% | 25,7% | Ekki til |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | | 0,0% | 0,5% | 0,0% | 0,0% | Ekki til |
| Veðlán | | 71,7% | 67,8% | 61,5% | 66,1% | 63,6% |
| **Samtals** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum:** | | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | | 98,4% | 95,6% | 92,5% | 98,5% | 99,3% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | | 1,6% | 4,4% | 7,5% | 1,5% | 0,7% |
| **Samtals** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi sjóðfélaga og lífeyrisþega:** | 1) | | | | | |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga að meðaltali | | 1.904 | 2.155 | 2.314 | 2.820 | 3.581 |
| Fjöldi lífeyrisþega að meðaltali | 2) | 2.359 | 1.645 | 1.517 | 1.486 | 1.363 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris:** | | | | | | |
| Ellilífeyrir | | 67,6% | 66,7% | 66,8% | 65,8% | 65,8% |
| Örorkulífeyrir | | 6,4% | 5,7% | 5,7% | 6,4% | 6,6% |
| Makalífeyrir | | 25,6% | 27,3% | 27,4% | 27,6% | 27,5% |
| Barnalífeyrir | | 0,4% | 0,3% | 0,2% | 0,2% | 0,1% |
| **Samtals** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

1) Tala frá 1998 er meðaltal mars og október

2) Breytt aðferðafræði við talningu lífeyrisþega tekin upp á árinu 2002